

Kolviður
Stjórnarfundur 11. janúar 2020
Haldinn í Þórunnartúni 6

Mætt: Brynjólfur Jónsson, Jóhannes Bjarki Urbancic Tómasson, Jónatan Garðarsson, Rósbjörg Jónsdóttir, og Reynir Kristinsson. Ragnhildur Freysteinsdóttir sat fund og ritaði fundargerð.

1. Fundargerð síðasta fundar 8. nóvember

Fundargerð var samþykkt.

2. Landamál Geitasandur

Samningur um aukið land við Landgræðsluna á Geitasandi hefur verið undirritaður og er í þinglýsingarferli.

3. Rammasamningur við Íslenska skógarúttekt um mælingar á kolefnisbindingu

Komin eru drög að samningi. Gerður yrði svo samningur um mælingar hvers árs, sem taka mið af rammamælingum. Samþykkt er að skrifa undir rammamælingunni.

4. Samningsskilmálar Kolviðar vegna plöntukaupa

Samningsskilmálar Kolviðar vegna plöntukaupa lagðir fram og kynntir.

Reynir og Jón Ásgeir Jónsson hafa tekið saman drög að samningsskilmálum, byggð á fyrri útboðsgögnum fyrir Ríkiskaup (einfölduð). Viðræður við gróðrarstöðvar eru í gangi. Það sem út af stendur er a) tímasetning plöntuafhendinga til vor- og haustgróðursetninga og b) greiðslufyrirkomulag. Skógræktin borgar mánaðarlega (óháð afhendingu) og vilja gróðrarstöðvarnar sama fyrirkomulag fyrir Kolvið.

Samningsskilmálarnir samþykktir með fyrirvara um frekari útfærslu á tímasetningum afhendinga og greiðslna.

5. Staða mála á Úlfjótuvatni og Skálholti

Komið er framkvæmdaleyfi fyrir nýju svæði á Úlfjótuvatni. Tengiliður fyrir Skálholt er hættur störfum og hefur lítið miðað áfram eftir að hann fór frá, en aflýsa þarf eldri samningi um landsvæðið.

Brynjólfi falið að setja sig í samband við Pétur Markan til að ganga á eftir þessu máli, sem og að minnast á möguleika með landsvæði hjá Odda á Rangárvöllum.

6. Vottun kolefnisbindingar með skógrækt

Búið er að taka saman lýsingu á verklagi Kolviðar, sem tók mið að vottunarlýsingu hjá IceCert og Skógarkolefni frá Skógræktinni. Reynir stingur upp á að senda lýsinguna til skógræktarstjóra og IceCert til yfirlestrar og óska eftir ábendingum um það sem (mögulega) vantar til að verklag sé vottunarhæft og var það samþykkt.

7. Markaðsmál

- Á árinu 2020 verða ýmsar bílaleigur auk Icelandair sem bjóða viðskiptavinum að kolefnisbinda. Áhugavert verður að fylgjast með hlutfalli þeirra sem kolefnisbinda af heildarfjölda viðskiptavina.
- Fyrirhugaðar viðræður við nokkur fyrirtæki, svo sem Icelandair Hotels og B&L. Einnig búið að hafa samband við Kolvið vegna ráðstefna sem fyrirhugað er að halda héraðs. Ræða ætti við Meeting Reykjavík – aukinn markaður fyrir kolefnisjöfnun á ráðstefnum (til að fá þær til landsins, af því að flug stendur í sumum).
- Samstarf við Versló. Nemendafélagið gefur út bók (í um 1100 eintökum) og ákveðið var að Kolviður myndi fá eina blaðsíðu í bókinni á móti gróðursetningu trjáplantna á móti – ein planta á bók. Verður einnig farið í áttak innan skólans til hverja alla nemendur til að greiða fyrir gróðursetningu á einu tré – 220 kr. Áhugavert að sjá viðbrögð.

- Tillaga frá Reyni um að taka kynningarmyndband með dróna af Kolviðarskógi og gróðursetningu. Samþykkt.
- Kolefnisbinding hjá Kolviði hækkar um 200 kr./tonn CO2 í ár. Votlendissjóður hefur lækkað verð hjá sér (með breyttum viðmiðum). Niðurdæling kostar rúmlega 3000 kr. – svipað og CERT-einingar.
- Samningur við Icelandair og Air Iceland Connect. Fyrirtæki býður farþegum að kolefnisjafna. Skýrt þarf að vera eignarhald á þeim fjármunum í gegnum ferli, þannig að nafn Kolviðar sé ekki notað í kynningu nema fjármunir renni til Kolviðar.

8. Rannsóknasjóður Kolviðar

Ragnhildur ræddi Bjarna Diðriksson hjá Landbúnaðarháskóla Íslands, skv. samþykkt síðasta stjórnarfundar, um möguleg nemendaverkefni í tengslum við birkifræ sem Kolviður á. Jóhannes ræddi einnig við Ásu Aradóttur um sama mál. Bjarni taldi ekki líklegt að áhugi væri fyrir þessu (hentaði ekki vel). Ása stakk upp á að ræða við Landgræðsluna um afnot af heppilegu landi fyrir sáningu þessa fræs. Einnig væri hægt að athuga með að nýta fræið í ræktun í gróðrarstöðvum fyrir Kolvið. Skoða þarf málið nánar.

9. Önnur mál

- Fylgjast þarf með þróun mála á Vopnafirði, en AFL-Starfsgreinasamband hafði gert þar athugasemd við notkun sjálfboðaliða, í ljósi þess að á atvinnuleysisskrá er nokkur hópur fólks. Mögulega þarf að styðja við formann félagsins þar.
- Ársfundur Kolviðar fyrirhugaður í mars. Á áætlun að kynna lýsingu á verklagi Kolviðar þar.
- Aksturskostnaður. Rósbjörg og Reynir búin að vera í viðræðum. Samþykkt að formaður fái kr. 40.000 á mánuði, frá og með nóvember 2019.
- Aðgangsheimild að bankareikningum. Endurskoðendur hafa óskað eftir lesaðgangi að reikningum og verður það veitt. Lagt fram eyðublað sem veitir Hrefnu stjórnunarheimild til að afgreiða slíkt og undirritað. Rósbjörgu (sem gjaldkera) og Reyni einnig veittur lesaðgangur.
- Lagt til að búa til Facebook og LinkedIn síður fyrir Kolvið. Rósbjörgu og Ragnhildi falið að leggja drög að samfélagsmiðlastrategíu.

Næstu fundir stjórnar Kolviðar settir 14. febrúar, 13. mars, 17. apríl og 15. maí.

Fundi slitið kl. 13:43